

Mál nr. 471/2021**M og**
V vegna Ábyrgðartryggingar ökutækjanna A og B
Sakarskipting vegna áreksturs. Ekið úr kyrrstöðu, Ekið aftur á bak,**Gögn.**

Málskot mótttekið 29. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 27. janúar 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á bílaplani við verslun Bónus á Smáratorgi. Í tjónaskýrslu frá Aðstoð&Öryggi kemur fram að bifreið A var ekið af stað beint áfram út úr stæði á bílplaninu um leið og bifreið B var ekið aftur á bak. Tjón var á afturhlið bifreiðar B og hægri hlið bifreiðar A þegar þær lentu saman. Í skýrslunni segir ökumaður bifreiðar A að hann hafi verið að keyra út úr bílastæði og þegar hann leit til hægri eftir umferð þá sér hann bifreið B vera að bakka út úr stæði og í hægri hlið bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B segir í sömu skýrslu að hún hafi verið að lagfæra sig í stæði og bakka út úr því og ekki orðið vör við bifreið A fyrr en hún finni dynk.

M var ökumaður bifreiðar A í greint sinn og telur alla sök á árekstrinum eigi að leggja á bifreið B þar sem ökumaður hennar hafi bakkað á bifreið A þegar hún var komin út úr bílastæði. M kveðst hafa gætt varúðar gagnvart annarri umferð þegar hann ók út úr sínu bílastæði og hafi reynt að flauta til að vara ökumann bifreiðar B við, án árangurs.

V vísar til háttænisreglna 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem komi fram í 1. og 2. mgr. að ökumenn eigi að gæta sín við akstur aftur á bak og þegar ekið er úr kyrrstöðu, óháð því hvort ekið sé aftur á bak eða áfram. V telur hvorugan ökumann hafa gætt þessa nægilega vel og báðar bifreiðar hafi verið á ferð þegar árekstur varð. V telur að skipta eigi sök til helminga.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að á báðum ökumönnum hafi hvílt varúðarskylda skv. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ökumanni bifreiðar A (M) bar skv. 2. mgr. 20. gr. að ganga úr skugga um að það væri unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra að aka til hliðar og ökumanni bifreiðar B bar skv. 1. mgr. 20. gr. að ganga úr skugga um hið sama þegar hún ók sinni bifreið aftur á bak. Þegar litið er til framburða ökumanna um hvernig þeir gættu þeirrar varúðarskyldu sem á þeim hvíldi verður ekki annað ráðið af framburði ökumanns bifreiðar B en að hún hafi ekki gætt þeirrar skyldu gagnvart bifreið A. Ber ökumaður bifreiðar B því meginsök á árekstrinum. Á ökumanni bifreiðar A hvíldi hins vegar einnig varúðarskylda og verður litið til þess að ökumönnum sem aka á bílplönunum ber að gæta sérstaklega vel að umferð þegar ekið er af stað úr kyrrstöðu. Ber ökumaður bifreiðar A því einnig ábyrgð á árekstrinum en þó minni en ökumaður bifreiðar B. Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar B ber 2/3 sakar og ökumaður bifreiðar A ber 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðarinnar B ber 2/3 sakar og ökumaður bifreiðarinnar A ber 1/3 sakar.

Reykjavík, 1. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir